

Netmáli C2 um kerfispjónustu útgáfa nr. 2.0

Viðbrögð Landsnets við umsögnum við
netmála C2 um kerfispjónustu

Maí
2019

Efnisyfirlit

0. INNGANGUR OG FLOKKUN ATHUGASEMDA	3
0.1 Inngangur	3
0.2 Fjöldi umsagna	3
0.3 Flokkun athugasemda	3
1. UMSAGNIR VIÐ NETMÁLA C2 UM KERFISÞJÓNUSTU OG VIÐBRÖGÐ LANDSNETS	4
1.1 Almenn	4
1.1.1 Skilgreiningar	4
1.1.2 Skýrara orðalag	5
1.2 Tæknilegar kröfur viðskiptavina	5
1.2.1 Skilyrði	5
1.2.2 Stýringar	6

0. Inngangur og flokkun athugasemda

0.1 Inngangur

Unni hefur verið að uppfærslu á netmála C2 um kerfisþjónustu. Netmáli um kerfisþjónustu skilgreinir þá þjónustu, reiðuafl og reglunaraflstryggingu, sem Landsnet þarf að kaupa til að tryggja öryggi flutningskerfisins og þá aðila sem geta boðið hana. Í nágildandi netmála (útg. 1.0) er framleiðendum eingöngu heimilt að bjóða Landsneti upp á slíka þjónustu.

Markmið endurskoðunar á netmálanum er að tryggja aukið aðgengi mismunandi viðskiptavina að kerfisþjónustu og auka samkeppni á markaði. Viðskiptaumhverfið og tækni er að þróast og er mikill áhugi meðal stórnotenda að bjóða slíka þjónustu. Eftir breytingar á netmálanum er séð fram á að stórnotendur geta, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, einnig boðið kerfisþjónustu.

Þar sem stórnotendur bjóða ekki í slíka þjónustu í dag, eru tæknileg skilyrði ekki fyrir hendi. Því er nauðsynlegt að vinna að þróunarverkefni og prófunum með Landsneti til að meta áreiðanleika og skilgreina tæknilegar kröfur til þeirra.

Drög að netmála um kerfisþjónustu voru kynnt fulltrúum í viðskiptamannaráði Landsnets og leitað eftir umsögnum á tímabilinu 12.janúar – 27.febrúar 2018. Alls bárust 3 erindi.

Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir viðfangsefnum. Efnistökur eru í einhverjum tilfellum sambærileg og því er unnt að draga eða flokka saman athugasemdir eftir viðfangsefnum og gera grein fyrir helstu viðbrögðum Landsnets við þeim.

0.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	Orka Náttúrunnar
02	Samtök iðnaðarins
03	Landsvirkjun

Þeim athugasemdum og umsögnum sem snúa ekki að efnistöku netmálans er eftir atvikum svarað á öðrum vettvangi.

0.3 Flokkun athugasemda

Athugasemdir snéru í mörgum tilvikum að sömu viðfangsefnum og því hefur Landsnet flokkað þær eftir viðfangsefnum, sem eru:

Netmáli

- Skilgreiningar
- Skýrara orðalag
- Tæknilegar kröfur til stórnotenda

Í köflunum hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi:

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [11]

Ef fleiri sambærilegar athugasemdir bárust eru númer þeirra birt t.d. [12], [14], [15] og [17]. Með þessari framsetningu er áherslan lögð á viðbrögðin en einnig á að vera auðvelt fyrir þá sem sendu inn athugasemdir að finna viðbrögð við þeim.

1. Umsagnir við netmála C2 um kerfisþjónustu og viðbrögð Landsnets

1.1 Almennt

Athugasemdir sem falla undir flokkinn almennt snúa að kafla 2 í netmálanum um skilgreiningar. Þá er einnig fjallað um þær athugasemdir sem snérust um skýrara orðalag til að komast hjá misskilningi.

1.1.1 Skilgreiningar

1.1.1.1

Varðar gr. 2.5

Kerfisþjónusta er hér skilgreind sem þjónusta bæði flutningsfyrirtækis og dreifiveitu. Annars staðar í netmálanum er fjallað um kerfisþjónustu sem þjónustu flutningsfyrirtækis eingöngu. Í raforkulögum er talað um kerfisstjórn sem verkefni flutningsfyrirtækis og fjallað er um þjónustu þess á nokkrum stöðum í lögunum. Skilgreiningin getur því verið villandi [02]

Viðbrögð: Skilgreining 2.5 hefur verið uppfærð í nýjustu útgáfu og dreifiveita verið tekin út. Litið er á það þannig að Landsnet veiti þjónustuna þó svo hún sé keypt annars staðar frá.

1.1.1.2

Varðar gr. 2.6

Skilgreina þarf betur hvað er átt við með lot S. [02]

Viðbrögð: Skilgreining 2.6 hefur verið uppfærð í nýjustu útgáfu með það að leiðarljósi að skýra þetta betur út.

1.1.1.3

Varðar gr. 2.10

Hér er vísað til framleiðslueiningar stórnotenda en hætta er á ruglingi þar sem framleiðslueining raforku er einnig notað. [02]

Viðbrögð: Skilgreining 2.10 hefur verið uppfærð til að útiloka rugling. Framleiðslueiningu skipt út fyrir notkun stórnotanda.

1.1.1.4

Í skilmálunum er greint á milli „reiðuafls til tíðnistýringar“ og „reiðuafls vegna truflana“. Slík sundurgreining hefur ekki hingað til verið notuð í samningum við Landsvirkjun, sem hafa langan gildistíma, þ.s. einungis er talað um „reiðuafl“. Æskilegt væri að Landsnet gætti þess að skilmálarnir væru í samræmi við gerða samninga í þessum efnum. [03]

Viðbrögð: Til viðbótar við skilgreiningar á reiðuafli til tíðnistýringar og reiðuafls vegna flutninga hefur verið bætt inn skilgreiningu á reiðuafli. Skilgreiningar 2.13 og 2.14 eru í raun undirskilgreiningar á nýrri skilgreiningu 2.12.

1.1.2 Skýrara orðalag

1.1.2.1

Varðar gr. 4.5

Skýra má greinina en óljóst er hvort gerður sé samningur við einn eða fleiri aðila þar sem bjóðandi er ýmist í eintölu eða fleirtölu.[02]

Viðbrögð: Grein 4.5 hefur verið uppfærð með tilliti til athugasemdarinnar. Breytingar fólust í að setja bjóðendur í fleirtölu. Einnig hefur verið gerð sama breyting í grein 4.4.

1.1.2.2

Vakin er athygli á því að í kafla 5.2. er vísað varðandi spennustýringu í aflstöðvum í reglugerð um gæði raforku og afhendingaröryggi nr. 1048/2004. Í reglugerðinni verður ekki séð að fjallað sé sérstaklega um spennustýringu í aflstöðvum heldur eingöngu á afhendingarstöðum í flutnings- og dreifikerfinu þar sem viðskiptavinir taka við rafmagni. Sé það mat rétt er þörf á frekari skýringum í netmálanum.[03]

Viðbrögð: Búið að gera breytingu á netmála til að skýra þetta betur. Það er á ábyrgð Landsnets að sinna spennustýringu og gerir Landsnet gerir ítarlegri kröfur um spennustýringu en tiltekið er í reglugerð nr.1048/2004.

1.2 Tæknilegar kröfur viðskiptavina

1.2.1 Skilyrði

1.2.1.1

Svo virðist þó sem að það vanti að tilgreina kröfur til stórnotenda, til jafns við vinnslueiningar, á nokkrum stöðum í drögunum. Í köflum 4.3. og 4.4. er tilgreint hvert lot vinnslueininga eigi að vera, en svo virðist sem það vanti að tilgreina samsvarandi kröfu um breytt afl hjá stórnotenda, ef til þess kæmi að stórnotandi byði reiðuafl til afnota vegna truflana. Líklega mætti skoða allan netmálann með það fyrir augum hvort kröfur séu heimfæranlegar upp á stórnotendur til jafns við vinnslueiningar án sérstakra útskýringa. [01]

Viðbrögð: Landsnet kaupir ekki kerfisþjónustu af stórnotanda í dag og því tekur enginn stórnotandi þátt í tíðnireglun sem stendur. Nauðsynlegt er því að þróa og vinna með stórnotendum til að meta getu þeirra til reglunar og þá kröfur flutningsfyrirtækisins. Vitanlega verður samt horft til sambærilegra krafna og hjá virkjunum.

1.2.1.2

Í grein 4.3 er tilteknað kröfur til vinnslufyrirtækja vegna reiðuafls til tíðnistýringar, en einungis vísað til samkomulags milli Landsnets og stórnotenda varðandi kröfur til stórnotenda. Rétt væri vegna samkeppnissjónarmiða að tiltaka nákvæmlega hvaða kröfur eru gerðar til stórnotenda í þessu sambandi. [03]

Viðbrögð: Sjá svar 1.2.1.1.

1.2.2 Stýringar

1.2.2.1

Þá er þeirri spurningu varpað fram, hvort nauðsynlegt skilyrði sé í grein 4.3. að reglunareiningar séu fjarstýranlegar frá orkustjórnkerfi Landsnets. Væri hægt að hafa hraðvirkar merkjasendiar milli stjórnkerfa Landsnets annars vegar og stjórnkerfa stórnotenda eða annarra framleiðenda hins vegar?

Ástæða þessarar spurningar er sú að nú þegar er virkjunum Landsvirkjunar stýrt frá Landsneti. Mögulegt er að samkeppnisaðili á framleiðsluhlið sé hikandi um að eftirláta Landsneti sínar stýringar þar sem hann væri í beinni samkeppni við Landsvirkjun. Á sama hátt gæti mögulega stórnotandi verið hikandi við þetta fyrirkomulag, því líklegt er að Landsvirkjun eigi í viðskiptasambandi við viðkomandi aðila. Þ.e. þegar / ef starfsmenn eða stjórnendur Landsvirkjunar koma að sinni stjórnstöð þá gætu samkeppnisupplýsingar blasað við, þ.e. staða viðkomandi aðila á markaði. [01]

Viðbrögð: Samningur er í gildi milli Landsnets og Landsvirkjunar um stýringu og vöktun vissra virkjana. Landsnet kýs alltaf að hafa reglunarafl í beinni stýringu og er bundið trúnaði um þau gögn sem fyrirtækið vinnur með. Þótt Landsnet annist stýringu þessara virkjana þýðir það ekki að Landsvirkjun sjái gögn annarra aðila í viðskiptum við Landsnet. Þetta er því ekki raunveruleg ógn því það er kerfislega engin leið fyrir samkeppnisaðila að sjá samkeppnisupplýsingar hins aðilans.